

Skólaráðsfundur 31.maí 2013

Mættir: Arnheiður, Hafdís, Sigurlína, Þorsteinn og Örn sem ritar fundargerð.

Örn setti fundinn og byrjaði á því að þakka fólki fyrir hve vel heildarmatið gekk. Tilkynti að eftir tvær vikur færi hann á fund þar sem hann fengi fyrstu drög sem væri hægt að gera athugasemdir við. Í haust verða niðurstöður svo kynntar. Matið tók stuttan tíma og fólk var ekki fyrir neinu ónæði eða óþægindum vegna þessa. Fundarmenn tóku undir það að.

Næst fór Örn nokkuð ýtarlega yfir skipulag næsta skólaárs og þær breytingar sem verða á starfsmannahópnum. Breytingar koma helst til vegna langtíma forfalla kennara einnig vegna fækkunar á stuðningsfulltrúum. Á móti verður fjölgað um einn kennara. Breytingar verða gerðar á tíma nemenda í skólanum. Skólinn mun lengjast um 10 mín vegna lengingar á frímínútum. Það er gert til að koma til móts við Undraland og tryggja að starfsmenn nái 30 mínútna matarhléi.

Rætt var um breytingar á skólaráði næsta skólaár. Ljóst er að Marselía Dröfn mun ekki sitja áfram þar sem hún er flutt til Akureyrar. Við þökkum henni samstarfið. Auk þess hafa aðrir fulltrúar setið sitt tveggja ára kjörtímabil. Hafdís lýsti áhuga á að gefa kost á sér til setu annað kjörtímabil.

Örn þakkaði fundarmönnum að lokum fyrir gott samstaf skólaárið 2012-2013.

Fundi slitið

Örn Halldórsson